

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Reykjavík, 22. ágúst 2019

UST201905-100/S.M.

08.14.02

Lokunareftirlit í aflagða sorpbrennslu Sorpsamlags Þingeyinga

Pann 27. maí sl. fór fram eftirlit í aflagða sorpbrennslu Sorpsamlags Þingeyinga að Víðimóum 3 á Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að spilliefnum og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, og tækjum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Frágangi í samræmi við viðbragðsáætlun er ekki lokið.
2. a og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemi fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Ástand hreinsivirkis skapar verulega hættu á mengun.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thordacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	27.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ketill Gauti Árnason	Staðsetning	574850,759 614909,661

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi er varðar frágang við endanlega rekstrarstöðvun og frá 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhættu og mengunarvarnir er varðar meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit í aflagða sorpbrennslustöð Sorpsamlags Þingeyinga á Húsavík. Brennslu var hætt í stöðinni 29. mars 2013. Þegar brennslu var hætt lá ekki fyrir áætlun vegna rekstrarstöðvunar svo unnið var eftir neyðaráætlun, áætlun vegna rekstrarstöðvunar var lögð fram 9. desember 2014 og samþykkt af Umhverfisstofnun. Þann 1. júní 2015 tók Íslenska gámafélagið yfir rekstur flokkunarstöðvar og móttöku og flokkun spilliefna í húsnæði sorpbrennslunnar, sú starfsemi hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Verkstjóri móttökustöðvarinnar leiddi skoðunarferð um vettvang og var heilbrigðisfulltrúi með í för. Starfsemi móttökustöðvarinnar er í því húsnæði þar sem áður voru brennsluofnar sorpbrennslunnar. Verkstjóri móttökustöðvarinnar var áður starfsmaður sorpbrennslunnar og þekkti því vel húsnæðið og hvernig frágangi á staðnum hefði verið hártað. Samtímis skoðun var farið yfir atriði í viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar.

Í viðbragðsáætlun kemur fram að olíutankar/olíugildrar skuli tæma og hreinsa í samráði við birgja og innihaldi þeirra komið til viðeigandi aðila. Einn olíugeymir frá tímum sorpbrennslunnar er aftan við móttökustöðina. Geymirinn hefur verið tæmdur og hefur verkstjóri á staðnum verið í sambandi við eiganda geymisins (Olíudreifingu) um að geymirinn verði sóttur eða honum komið til eiganda. Olíugildrur á staðnum eru nú í umsjón Íslenska gámafélagsins.

Samkvæmt áætlun áttu brennsluofnar og efturbrennsla að vera hreinsuð af öllum rafbúnaði og glussalögnum, eldmúr brotinn innanúr og komið í urðun, járnagrind rifin og komið í endurvinnslu. Einnig skuli fara skipulega yfir lagnir og dælur og tæma úr þeim vatn og önnur efni eins og hægt er. Orkunýtingarketill skal tekinn frá og komið í endurnotkun eða - nýtingu. Við skoðun kom fram að þessi atriði hefðu verið uppfyllt.

Rafmagn átti að taka af brennslutækjum, fjarlægja raflagnir og stjórnþúnað, aftengja raflagnir í rafmagnsskápum og koma köplum í endurvinnslu. Við skoðun kom í ljós að rafmagn hefur verið aftengt en kaplar ekki verið fjarlægðir sem og að stjórnþúnaður er enn til staðar í stjórnherbergi.

Síupokar úr hreinsivirkir skulu fjarlægðir og komið í förgun. Rafbúnaður- og lagnir í hreinsivirkri aftengdar og komið í endurvinnslu. Klæðning og grind hreinsivirkis rifin niður ásamt skorsteini og komið í endurvinnslu. Við skoðun reyndist þessum hluta ekki lokið. Hreinsivirkis standur enn, skorsteinn hefur þó verið fjarlægður þar sem hann var farinn að skapa hrúnhættu. Síupokar eru enn til staðar og í þeim er duft frá starfsemi sorpbrennslunnar. Ástand hreinsivirkisins er ekki gott, þar á vatn greiða leið um og ryð er áberandi. Hlutar af hreinsivirkinu eru byrjaðir að losna og hætta á hruni. Vegna ástands hreinsivirkisins og sér í lagi innihaldi síupokanna og ástandi þeirra er hér um að ræða þónokkra hættu á mengun umhverfisins og hættu fyrir heilsufar manna.

Að lokinni vettvangsskoðun var fundað með fulltrúa Norðurbings, en sveitafélagið hefur tekið yfir skyldur Sorpsamlags Þingeyinga og ber ábyrgð á lokafrágangi brennslustöðvarinnar í samræmi við viðbragðsáætlun. Farið var yfir viðbragðsáætlunina og niðurstöður vettvangsskoðunar ræddar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.6

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að spilliefnum og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum og tækjum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Frágangi í samræmi við viðbragðsáætlun er ekki lokið.

a og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir

Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Ástand hreinsivirkis skapar veruleg hættu á mengun.

ANNAÐ

Einnig voru viðstaddir eftirlitið Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Magnús Stefánsson verkstjóri Íslenska gámafélagsins á Húsavík.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.08.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4